268. fundur

Mánudaginn 27. júní 2016, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson, Sverrir Björn Björnsson, Guðrún Sigurjónsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Gestur fundarins var Pálmi Vilhjálmsson sem sat fundinn að hluta til.
Rebekka Hilmarsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð 267 fundar og dagskrá.**
   Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram fundargerð 267. fundar sem var samþykkt eftir lagfæringu.

2. **Verðlagning.**
   Formaður ræddi í upphafi fundar að birta gjaldaliði mjólkursamlaga á heimasíðu ráðuneytisins þar sem það gagn ásamt verðlagsgrundvelli lægi að baki þeim forsendum sem lagaðar eru til grundvallar við verðlagningu. Samþykkt var að framvegis yrðu gjaldaliðirnir birtir á heimasíðu ráðuneytisins samhliða ákvörðun um verðlagningu.

   Forsendur verðlagningar voru settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvöllum kúabús sem höfðu hækkað um 3.87% frá 1. ágúst 2015 til 1. júní 2016. Samkvæmt verðlagsmódeli mjólkuriðnaðarins höfðu kostnaðarliðir á sama tíma hækkað um 3,83%. Samanlögð vegin hækkunar þörf er því 3,85%. Eftir ítarlegar umræður og útreikninga var eftirfarandi samþykkt:

   Verðlagsnefnd búvara hefur tekið samhljóða ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum hækki um 2,5% þann 1. júlí nk. Breytingin er einkum til komin vegna hækkunar launa. Hins vegar lækkar undanrennu- og mjólkurduft um 20% til að mæta áhrifum nýs tollasamnings við ESB og lækkun heimsmarkaðsverðs á dufti. Vegin meðaltals hækkun er því 2,1%. Kostnaður við lækkunina skiptist jafnt á milli bænda og mjólkuriðnaðarins.
   Afurðastöðvaverð til bænda hækkar um 1,77 kr. á lítra mjólkur, úr 84,39 kr. í 86,16 kr. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 1,81 kr. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 3,58 kr. á hvern lítra mjólkur.
   Þá var samþykkt að verð á ógerilsneyddri mjólk í lausu máli yrði hækkuð um 2,1% sem er samtals vegið meðaltal.

3. **Önnur mál.**
   Formaður þakkaði nefndarmönnum fyrir vinnuna. Fundarmenn þökkuðu Sigurði Loftssyni sérstaklega fyrir góð störf á undanförnum árum, en hann lætur nú af störfum í nefndinni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson Rebekka Hilmarsdóttir